

FUNDARBOÐ

**39. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 28. ágúst 2025 og hefst
kl. 17:00**

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

1. 2508001F - Bæjarráð - 35

Lögð fram 35. fundargerð bæjarráðs.

2. 2508002F - Skipulagsnefnd - 32

Lögð fram 32. fundargerð skipulagsnefndar.

Erindi til kynningar

3. 2508013 - Forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2026 - 2029

Lagðar fram forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2026 og 2027-2029. Forsendurnar taka mið af nýútgefni þjóðhagsspá Hagstofu Íslands.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

4. 2505056 - Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning og fjárhagsaðstoð

Lagðar fram endurskoðaðar reglur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga um sérstakan húsnæðisstuðning og drög að reglum um fjárhagsaðstoð.

Bæjarráð samþykkti reglurnar á 34. fundi sínum, og vísaði þeim til fyrri umræðu í bæjarstjórn. Á 38. fundi sínum, vísaði bæjarstjórn reglunum til síðari umræðu. Bæjarráð samþykkti reglurnar á 35. fundi sínum og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja reglur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga um sérstakan húsnæðisstuðning og reglur um fjárhagsaðstoð.

5. 2306038 - Lóð R1 í Víkurhverfi

Á 34. fundi bæjarráðs var lagt til að lóðin R1 í Víkurhverfi verði auglýst laus til umsóknar með það að markmiði að umsækjandi sækji til sveitarfélagsins um heimild til uppbyggingar á lóðinni á grunni gr. 4.2. í lóðarreglum sveitarfélagsins með þeirri forsendu að miðað verði við 600 fm² byggingarmagn, bílastæði snúi að Borgarbraut og íbúðir verði allt að fjórar með bílskúrsheimild. Forgangsöröðun úthlutunnar til áhugasamra aðila skuli byggja á gr. 4.2.2. í lóðarreglum sveitarfélagsins. Bæjarstjórn samþykkti, á 38. fundi sínum, að auglýsa eftir áhugasömum aðilum á framangreindum forsendum til samtals um uppbyggingu á lóð R1 í Víkurhverfi sem getur orðið grundvöllur að lóðarúthlutun í framhaldinu. Auglýst var eftir áhugasömum til samtals um uppbyggingu á lóðinni 27. júní sl. Einn aðili, Skipavík ehf., sóttist eftir samtali við

sveitarfélagið um uppbyggingu á lóðinni. Lagt er fram minnisblað bæjarstjóra ásamt tillögu að afgreiðslu málsins.

Bæjarráð vísaði, á 35. fundi sínum, tillögunni til afgreiðslu í bæjarstjórn.

6. 1912004 - Fundaáætlun bæjarstjórnar og bæjarráðs

Lögð fram drög að fundaáætlun bæjarráðs og bæjarstjórnar seinni huta árs 2025.

7. 2508002 - Ósk Íslenska Gámafélagsins um landsvæði til afnota

Lögð fram beiðni Íslenska gámafélagsins þar sem óskað er eftir stækkun á lóð við Flugvallaveg 20. Bæjarráð tók erindið fyrir á 35. fundi sínum og óskaði umsagnar skipulagsnefndar.

á 32. fundi skipulagsnefndar lagði nefndin til við bæjarstjórn að gerður verði afnotasamningur við Íslenska gámafélagið, sbr. tillögu skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2025. Afnotasamningur verði í gildi þar til deiliskipulag hefur verið unnið af öllu svæðinu.

8. 2504006 - Austurgata 4

Á 32. fundi skipulagsnefndar var lögð fram að nýju tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi miðbæjar austan Aðalgötu.

Tillagan hefur verið grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og var hún kynnt lóðarhöfum Austurgötu 1, 2, 3, 4a og 6 og Smiðjustíg 2 og 2a.

Athugasemdir bárust frá eigendum Smiðjustígs 2 og Austurgötu 4a.

Skipulagsfulltrúi lagði fram, til samþykktar, athugasemdir og bókun að svari við athugasemdirnar.

Skipulagsnefnd samþykkti svör við athugasemdum og framlagða deiliskipulagsbreytingu að lokinni grenndarkynningu. Nefndin lagði til við bæjarstjórn að breytingin verði samþykkt og deiliskipulagið taki gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda og verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2012.

9. 2508003 - Viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2025-2028

Lagður fram viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2025-2028.

Bæjarráð samþykkti, á 35. fundi sínum, tilfærslur á fjárfestingarliðum og vísaði þeim til vinnslu við viðauka 2.

10. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Lagðir fram minnispunktar bæjarstjóra.

26.08.2025

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.